

atvinnuvegum Íslands, ástandi þeirra og horfum, vinnustað og aðstæðum á vinnustað, réttindum og skyldum launþega og vinnuveitenda, námsbrautum og námskröfum einstakra menntastofnana.

Þá skal starfsfræðslukennarinn kunna góð skil á kennslubókum og handbókum í starfsfræðslu, ásamt fræðslumyndum og öðrum gögnum, er starfsfræðslu varða.

Samanlagður námstími skal eigi vera skemmri en 120 kennslustundir, er skiptast milli fyrirlestra, vettvangsfræðslu og verklegra æfinga.

Náminu lýkur með prófi og skal forstöðumaður námskeiðsins gefa út prófskírteini þeim til handa, er fullnægja settum skilyrðum.

Menntamálaráðuneytið, 30. nóvember 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 286.

14. desember 1966.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. desember 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Kristínar Thoroddsen.

Kristín Ólína Thoroddsen, f. 29. apríl 1894, d. 28. febr. 1961, var forstöðukona Hjúkrunaskóla Íslands frá stofnun hans árið 1931 og til 1949. Nemendur skólans og aðrar hjúkrunarkonur, sem átt höfðu samstarf með Kristínu Thoroddsen, gengust fyrir stofnun þessa minningarsjóðs við andlát hennar, 28/2 1961, í þakklætis- og virðingarskyni fyrir brautryðjendastörf hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 25 þúsund. Hann má ekki skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim nemendum Hjúkrunarskóla Íslands, sem skarað hafa fram úr í hjúkrunarnámi og sýnt sérstaka hæfileika til hjúkrunarstarfa. Verðlaunin skal veita við brautskráningu úr skólanum, þegar einhver er talinn þeirra maklegur. Verðlaunin skulu vera peningar úr bronsi, á annarri hlið hans skal vera upphleypt mynd af Kristínu Thoroddsen, gerð eftir lágmynd Sigurjóns Ólafssonar af henni. Á hinni hlið peningsins standi: Verðlaun Kristínar Thoroddsen, nafn nemanda, er peninginn hlýtur, ásamt ártali.

Heimilt er sjóðsstjórn að færa út starfssvið sjóðsins, ef unnt er og ástæða þykir til, svo sem með því að veita úr honum styrk til framhaldsnáms í hjúkrun.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa: Skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, sem er formaður, yfirkennari skólans, forstöðukona Landspítalans, sú hjúkrunarkona Landspítalans, sem þar er elzt í starfi hverju sinni og forstöðukona Kleppspítalans.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað, er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjóðsstjórnin birta endurskoðaða ársreikninga í skýrslum Hjúkrunarskóla Íslands, þegar þær eru gefnar út.

Endurskoðendur reikninga Hjúkrunarskóla Íslands endurskoða reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og öðrum ráðum, er sjóðsstjórnin telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

S A M Þ Y K K T

**fyrir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks
í Miklaholtshreppi.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks. Heimili þess og varnarþing er í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Lækjamóta, Fáskráðarbakka og Félagsheimilið Breiðablik.

Hver stofnandi greiði tvö þúsund krónur sem stofngjald.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gerðar verða sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta eftir ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til full-